

327 - Stjórnarfundur LEB 13. febrúar 2020

Fundurinn haldinn að Sigtúni 32, kl. 14.00-16.30

Mættir: Þórunn Sveinbjörnsdóttir Haukur Halldórsson, Valgerður Sigurðardóttir, Dagbjört Höskuldsdóttir, Drífa Sigfúsdóttir, Ingólfur Hrólfsón og Ólafur Örn Ingólfsson.

Fjarverandi: Ellert B. Schram.

Viðar Eggertsson starfsmaður LEB sat einnig fundinn.

Fundargerð síðasta fundar. Samþykkt og undirrituð.

Dagskrá:

1. Kjör aldraðra.

Kjaranefnd LEB lagði til við stjórn að Skúli M. Sigurðsson tæki að sér verkefni og útreikning og uppfærði tölur frá fyrri rannsóknum sínum fyrir LEB. Nú hefur hann kynnt kjaranefnd LEB skoðun á atriði í dreifibréfi sem var gefið út af þingflokki Sjálfstæðismanna sem fjallar um útreikning á kjörum aldraðra. LEB telur þann útreikning rangan og Skúli mun fara betur yfir hann og sú niðurstaða verður síðan kynnt vel.

Dreift var upplýsingum sem Skúli M. Sigurðsson hagfræðingur hafði tekið saman um kjör eldri borgara og hafði áður verið kynnt fyrir Kjaranefnd LEB og FEB-R, á fundi hennar sem haldinn var í morgun. Haukur fór yfir þessa útreikninga og skýrði fyrir stjórninni. Þórunn og Haukur munu fara með þennan útreikning á fund starfshóps um lífskjör og aðbúnað eldri borgara sem haldinn verður á morgun. Þau hafa verið ósátt við vinnulag innan starfshópsins, og hafa látið í sér heyra á fundum hans um vinnulag. Þau vonast eftir betri umræður á fundinum á morgun, og vonandi einhverjum tillögum.

2. Afsláttarbókin 2020.

Gengið hefur verið frá samningi við FEB í Reykjavík um umsjón með verkefninu og vinna er hafin við gerð bókarinnar. Reynt verður að nýta allar tækninýjungar sem tiltækar eru, en ljóst er að miklar breytingar verða á næstu árum.

3. Tveir nýjir styrkir til LEB.

Félagsmálaráðuneytið hefur veitt LEB 10 milljóna kr. styrk vegna tveggja verkefna:

A) *Upplýsingarmiðlun.* Styrkur til að bæta aðgengi eldra fólks að upplýsingum.

B) *Einmanaleiki eldra fólks.* Styrkur til fræðslu og aðgerða.

Styrkurinn er opinn til fleiri verkefna.

Umhverfis- og auðlindráðuneytið hefur veitt LEB 3. milljóna kr. styrk vegna verkefnisins *Umbúðalausir eldri borgarar*.

4. Húsnæði LEB.

Þórunn og Viðar hafa skoðað húsnæðis- og þjónustusamning sem LEB gerði við UMFÍ árið 2012 vegna skrifstofu LEB og er enn í gildi með stigvaxandi vísitöluhækkun. Í samningnum eru ýmsir þjónustuliðir sem innifela hluta kostnaðar vegna aðstöðunnar, en nýtast LEB ekki og hafa ekki gert um árábil. Þessi vannýtta þjónusta er óþarfur kostnaðarhluti af leigusamningi.

Viðar og Þórunn könnuðu hvað væri í boði annars staðar í borginni, og ljóst er að unnt er að fá hagstæðara verð annars staðar. Reynt verður að ná samningi við UMFÍ um lægri húsnæðiskostnað eða stærra skrifstofuherbergi.

5. Endurskoðun og bókhald.

Rætt hefur verið við bókhaldsstofu sem er starfandi hér í húsinu. Stjórn veitti heimild gjaldkera og formanni til að semja við þá stofu, að því tilskyldu að hagstæðari samningar næðust, en nú eru í gildi.

6. Starfslokanámskeið.

Átján manns eru nú á starfslokanámskeiði hjá FEB í Reykjavík, sem haldið er af fyrirtækinu *Takmarkalaust líf* og styrkt af LEB. Skoðað verður hvar hægt er að halda fleiri slík námskeið þar sem enn eru til peningar af styrk sem Félagsmálaráðuneytið veitti á sínum tíma vegna slíkra námskeiða.

7. Laganefnd LEB.

Drífa Sigfúsdóttir nefndarmaður í laganefnd fór yfir tillögur nefndarinnar um lagabreytingar sem lagðar verða fyrir næsta landsfund og greinagerð laganefndar. Urðu góðar umræður og þá aðallega um hversu margir eru borgandi félagar. Það er mismunandi eftir félögum, hvort félagar 85 ára eða 90 ára, greiða félagsgjöld. Og borgi þar af leiðandi gjöld til LEB. Málið verður skoðað betur og laganefnd tekur málið fyrir aftur.

Haukur lagði fram spurningar um breytingar sem lagðar eru til varðandi störf uppstillingarnefndar, fresti og fyrirkomulag. Laganefndin mun bera þessar spurningar undir Magnús Nordal, lögfræðing, sem var fundarstjóri á síðasta landsfundi.

8. Ráðstefnur framundan.

Ráðstefna um öldungaráð á vegum Öldrunarráðs Íslands verður haldin á Grand hóteli 18. mars n.k.

LEB mun halda ráðstefnu um einmanaleika eldra fólks og hvað sé til ráða, á Grand hóteli þann 30. mars n.k.

Fjölbreyttir fyrirlesarar verða á báðum ráðstefnunum.

9. Erindi til LEB.

Erindi frá Sagaz, Ólafi Johnson, sem er að selja umfjöllun um fyrirtæki, stofnanir og félagsamtök í bókaröðina *Ísland, atvinnuhættir og menning*.

- Hafnað.

10. Önnur mál.

Næsti stjórnarfundur ákveðinn 3. mars, kl 13.00.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Dagbjört Höskuldsdóttir, ritaði fundargerð.

Þórunn Þurkell
Haukur Halldórsson
Ingólfur Hólfursson
Margrétur Siquetardóttir
Drífa Sigfúsdóttir
Dagbjört Halldóttir